



Fjarðabyggð 23.febrúar 2017.

Umhverfis og samgöngunefnd Alþingis.

**Efni: Umsögn um drög að lagafrumvarpi um farþegaflutninga og farmflutninga.**

**Rekstrarleyfi hóp bifreiða - Heimild til að nýta allt að 8 manna bifreiðar í hóp bifreiðaakstri**  
Gríðarlega mikilvægt er að geta nýtt lítil ökutæki í hópferðaakstri henti það betur til dæmis í óveðrum. Bent er á að eftirspurn eftir slíkum ökutækjum er mjög mikil en minni bifreiðar eru bæði umhverfisvænni og öruggari í hvössum vindi og hálfu. Ferðaþjónustan hefur lengi átt í samræðum við stjórnvöld um þessi mál og hefur það m.a. legið fyrir Alþingi.

Lagt er til að eftirfarandi greinum verði bætt inn í frumvarpið:

**Heimild til að nýta minni bifreiðar í reglubundnum og óreglubundnum fólksflutningum.**

Í drögum að því frumvarpi sem hér um ræðir kom eftirfarandi fram um inntak einkaréttar skv. 7. gr. kemur eftirfarandi fram: „*Á þessum leiðum voru notaðir bílar ætlaðir fyrir 12–40 farþega enda óheimilt að nota bifreiðar fyrir færri en átta farþega til að þjóna þessum leiðum. Það má öllum vera ljóst að þetta kerfi var óhagkvæmt, óskilvirkt og umhverfislega óverjandi*“. Í fyrirleggjandi frumvarpi er ekki gert ráð fyrir því að hægt verði að nota bifreiðar fyrir færri en átta farþega á þessum vettvangi og er mikilvægt að slíkt verði heimilt bæði í reglubundnum og óreglubundnum ferðaþegaflutningum til að gæta jafnræðis og til mæta öryggis og umhverfissjónarmiðum.

Ef þær breytingar sem nefndar eru hér að framan ná fram að ganga munu þær:

- Auka öryggi við akstur hóp bifreiða í verri veðrum.
- spara eldsneyti og minnka kolefnislosun.
- lækka rekstrarkostnað og efla gæði þeirra þjónustu sem um ræðir.

Auk ofangreindra atriða er bent á mikilvægi þess að einfalda eftirlit með því að gera aðilum skylt að birta leyfisnúmer utan á bifreiðum ásamt því að rekstrarleyfi verði gerð ótímabundin.

**Austfjarðaleið ehf.**  
Hlífur Þorsteinsson.